

# Kjarasamningur

Milli Breiðabliks sem rekstraraðila íþróttahússins í Smáranum Kópavogi  
og VR  
vegna starfsfólks íþróttahússins.

## 1. grein.

Heimilt er rekstraraðila að skipuleggja vinnutíma starfsmanna á vöktum. Með vöktum er átt við reglubundin skipti starfs á dag-, kvöld- og helgarvinnu. Vinnuvaktir skulu vera í samræmi við þær vinnuvaktir sem um hefur verið samið eða eins og um þær kann að semjast.

Heimilt er að breyta vöktum með minnst 30 daga fyrirvara án samþykkis starfsmanna ef sú breyting hefur ekki í för með sér kjaraskerðingu.

## 2. grein.

Vikulegur vinnutími skal vera 38,75 klst. að jafnaði.

## 3. grein.

Vinna frá kl. 16:00 – 24:00 á virkum dögum greiðist með 33% álagi. Vinna frá kl. 24:00 – 08:00 greiðist með 45% álagi svo og öll vinna á laugardögum og sunnudögum.

Vinna umfram reglubundnar vaktir skulu greiðast með yfirvinnukaupi, þegar fullri vinnuskyldu er náð skv. kjarasamningi, þ.e. 166,79 klst. vinnuskyldu er náð á mánuði.

## 4. grein.

Desemberuppbót hvert almanaksár miðað við fullt starf á samningstímanum er:

Á árinu 2024 138.630 kr.

Á árinu 2025 143.482 kr.

Á árinu 2026 148.504 kr.

Á árinu 2027 153.702 kr.

## 5. grein.

Matar- og kaffihlé teljast til vinnutíma, enda ber starfsmanni að sinna aðkallandi málum þó í matartíma sé.

## 6. grein.

Starfsfólk á rétt á að sækja námskeið til að afla sér þekkingar sem nýtist þeim í starfi án skerðingar launa í allt að hálfan mánuð á ári.



7. grein.

Öllum fastráðnum starfsmönnum skal útvega vinnufatnað a.m.k. einu sinni á ári. Hér er um að ræða einn vinnugalla, inniskó og tvo stuttermaboli. Heimilt er að greiða skópeninga vegna skófatnaðarins hér að ofan kr. 13.919 á ári miðað við vísitölu Hagsofunnar janúar 2024. Starfsfólk skal skila þeim vinnufatnaði sem það fékk síðast þegar það lætur af störfum, nema um annað sé samið.

8. grein.

Laun starfsfólks eru skv. undirrituðum launatöflum sem eru hluti af samningi þessum á hverjum tíma.

9. grein.

Vegna óreglulegs matartíma greiðist 30 mín. fyrir hvern unninn dag, í yfirvinnu. Vegna ferða til og frá vinnustað eftir að strætisvagnar eru hættir að ganga skal greiða 10 km akstur skv. akstursgjaldi Ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

Starfsfólk á rétt á endurskoðun launa sinn þann 1. júlí ár hvert og skal þá taka mið af almennri launaþróun í starfsgreininni.

10. grein.

Kjarasamningur VR og SA gildir í öllum þeim atriðum öðrum en í samningi þessum greinir.

11. grein.

Samningur þessi hefur sama gildistíma og gildissvið og kjarasamningur VR og SA, með þeim forsendum og fyrirvörum sem þar eru.

Reykjavík 21. mars 2024

Samþykkt með rafrænni undirritun  
f.h. rekstraraðila íþróttahúss Breiðablik.



f.h. VR.



Bókanir frá 2011 eru hluti af samningi þessum.

**Bókanir 2011  
um vaktkerfi**

Aðilar eru sammála um að vaktakerfi breytist frá 20. maí - 20 ágúst ár hvert með samkomulagi milli aðila vegna sumaropnunar.

Aðilar eru sammála um að breyta vöktum með það að markmiði að starfsmenn róttera á vöktum, auk þess að lengja vaktafrí um helgar.

Aðilar eru sammála um að ef vaktir breytist, skulu nýtt fyrirkomulag berast undir VR til samþykktar.

Aðilar eru sammála um að á tímabilinu 20. maí til 20. ágúst verði breyting á skilgreindum verkefnum einstakra vakta vegna breytinga á rekstri. Í því sambandi er það alfarið í höndum rekstaraðila hverning verk leggjast á milli vakta og einstakra manna enda verði álag ekki aukið frá því sem nú er.

Aðilar eru sammála um að aldrei særri en tveir og aldrei fleiri en þrír og hálfur starfsmaður verði í frii að jafnaði á tímabilinu 20. maí til 20. ágúst. Starfsmenn verða búnir að leggja fram óskir sínar um sumarleyfi fyrir 1. febrúar. Fyrir 1. mars leggi rekstaraðili fram sínar tillögur um sumarleyfi starfsfólks í samræmi við framkomnar óskir eftir því sem kostur er.

**Bókun 2011  
um vinnufatnað**

Aðilar eru sammála um að samráð verði haft milli aðila um val á vinnufatnaði.



**Launataxti milli Breiðabliks sem rekstraraðili íþróttahússins í Smáranum Kópavogi og VR vegna starfsfólks íþróttihússins.**

<b>1. febrúar 2024</b>	<b>Mán.laun</b>	<b>Dagvinna</b>	<b>33% álag</b>	<b>45% álag</b>	<b>Yfirvinna</b>	<b>Stórh.álag</b>
Undir 20 ára	434.347	2.604,15	3.463,53	3.776,02	4.510,69	5.972,27
Eldri en 20 ára	437.631	2.623,84	3.489,71	3.804,57	4.544,80	6.017,43
Eftir 1 ár í starfsgrein	444.194	2.663,19	3.542,05	3.861,63	4.612,95	6.107,67
Eftir 1 ár í fyrirtæki	457.324	2.741,91	3.646,75	3.975,78	4.749,31	6.288,21
Eftir 3 ár í fyrirtæki	466.076	2.794,39	3.716,54	4.051,86	4.840,20	6.408,55
Eftir 5 ár í fyrirtæki	481.175	2.884,92	3.836,94	4.183,13	4.997,00	6.616,16
Desemberuppbót	138.634					
Orlofsuppbót	58.000					
<b>1. janúar 2025</b>	<b>Mán.laun</b>	<b>Dagvinna</b>	<b>33% álag</b>	<b>45% álag</b>	<b>Yfirvinna</b>	<b>Stórh.álag</b>
Undir 20 ára	458.670	2.749,99	3.657,48	3.987,48	4.763,29	6.306,71
Eldri en 20 ára	462.138	2.770,78	3.685,13	4.017,63	4.799,30	6.354,40
Eftir 1 ár í starfsgrein	469.069	2.812,33	3.740,40	4.077,88	4.871,28	6.449,70
Eftir 1 ár í fyrirtæki	482.934	2.895,46	3.850,96	4.198,42	5.015,27	6.640,34
Eftir 3 ár í fyrirtæki	492.176	2.950,87	3.924,66	4.278,76	5.111,25	6.767,42
Eftir 5 ár í fyrirtæki	508.121	3.046,47	4.051,81	4.417,38	5.276,84	6.986,66
Desemberuppbót	143.486					
Orlofsuppbót	60.000					
<b>1. janúar 2026</b>	<b>Mán.laun</b>	<b>Dagvinna</b>	<b>33% álag</b>	<b>45% álag</b>	<b>Yfirvinna</b>	<b>Stórh.álag</b>
Undir 20 ára	482.980	2.895,74	3.851,33	4.198,82	5.015,75	6.640,98
Eldri en 20 ára	486.631	2.917,63	3.880,44	4.230,56	5.053,66	6.691,18
Eftir 1 ár í starfsgrein	493.930	2.961,39	3.938,65	4.294,01	5.129,46	6.791,54
Eftir 1 ár í fyrirtæki	508.530	3.048,92	4.055,07	4.420,94	5.281,08	6.992,29
Eftir 3 ár í fyrirtæki	518.261	3.107,27	4.132,66	4.505,54	5.382,14	7.126,09
Eftir 5 ár í fyrirtæki	535.051	3.207,93	4.266,55	4.651,50	5.556,50	7.356,95
Desemberuppbót	148.508					
Orlofsuppbót	62.000					
<b>1. janúar 2027</b>	<b>Mán.laun</b>	<b>Dagvinna</b>	<b>33% álag</b>	<b>45% álag</b>	<b>Yfirvinna</b>	<b>Stórh.álag</b>
Undir 20 ára	507.129	3.040,52	4.043,90	4.408,76	5.266,53	6.973,02
Eldri en 20 ára	510.963	3.063,51	4.074,47	4.442,09	5.306,35	7.025,74
Eftir 1 ár í starfsgrein	518.627	3.109,46	4.135,58	4.508,72	5.385,94	7.131,12
Eftir 1 ár í fyrirtæki	533.957	3.201,37	4.257,83	4.641,99	5.545,14	7.341,91
Eftir 3 ár í fyrirtæki	544.174	3.262,63	4.339,30	4.730,81	5.651,25	7.482,39
Eftir 5 ár í fyrirtæki	561.804	3.368,33	4.479,88	4.884,08	5.834,33	7.724,81
Desemberuppbót	153.706					
Orlofsuppbót	64.000					